

UMF TINDASTÓLL

Stofnað 1907



UMF. TINDASTÓLL
100 ÁRA
1907 - 2007

Ársskýrsla 2007

Efnisyfirlit

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls	3
Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2006	6
Skýrsla aðalstjórnar	7
Minning Guttorms Óskarssonar	9
Ársreikningur aðalstjórnar.....	10
Rekstrarreikningur ársins 2007	10
Efnahagsreikningur 31. desember 2007	11
Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar.....	12
Ársreikningur knattspyrnudeildar	17
Rekstrarreikningur 01.10.2006 - 31.12.2007	17
Rekstrarreikningur 31.12.2007.....	18
Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar	19
Nokkur orð um árangur félagsins á vellinum.....	19
Ársreikningur körfuknattleiksdeildar	21
Rekstrarreikningur 01.07.2006 - 30.06.2007	21
Rekstrarreikningur 01.07.2006 - 30.06.2007	22
Skýrsla stjórnar frjálfsíþróttadeildar	23
Ársreikningur frjálfsíþróttadeildar.....	25
Rekstrarreikningur ársins 2007	25
Efnahagsreikningur 31. desember 2007	26
Skýrsla stjórnar sunddeildar	27
Stjórnarstörf.....	27
Starfsemi deildarinnar:	27
Ársreikningur sunddeildar.....	28
Rekstrarreikningur árið 2007	28
Efnahagsreikningur 31.12. 2007	29
Skýrsla stjórnar skíðadeildar	30
Ársreikningur skíðadeildar	31
Rekstrarreikningur 1.9.2006 - 31.8.2007	31
Efnahagsreikningur 31.8.2007	32
Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson	33
Rekstrarreikningur ársins 2007	33
Efnahagsreikningur 31. desember 2007	34

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls

1. grein. Heiti félagsins :

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F. Tindastóll. Lögheimili þess er Sauðárkrókur. Merki þess er hvítt T í jafnarma þríhyrni í bláum og rauðum grunni

2. grein. Tilgangur félagsins :

Að vernda og efla stjórnarframslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðinu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum. Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins þroska með fræðslu og íþróttastarfsemi, og til íhugunar um þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra. Að stuðla að bindindi og vernda ungmenni landsins gegn neyslu áfengra drykkja og eiturlyfja og vinna að heilbrigðu skemmtana – og félagslífi. Að vinna að bættri lífsafkomu þjóðfélagsþegna. Að beita sér fyrir uppgræðslu, skógrækt og náttúruvernd. Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðs, í fjármálum, heilsuverndum og fegrun móðurmáls.

3. grein. Starfsaðferðir :

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, íþróttaiðkunum, blaðaútgáfu og annari félagsmálastarfsemi. Ennfremur að halda í fjölbreytt námskeið og vinna að ýmsum framkvæmdum eftir því sem þurfa þykir.

4. grein. Innganga og úrsögn :

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar. Halda skal skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

5. grein. Félagsgjöld.

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur í aðalsjóð félagsins.

6. grein. Deildir :

Iðkendum hvernar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hvernar deildar annast rekstur hennar. Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda. Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

7. grein. Stjórn :

Stjórn félagsins skipa 5 menn ; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi, formaður skal kosinn

sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnarfundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

8. grein. Aðalfundur :

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert, og skal þar kosin stjórn, 2 endurskoðendur og nefndir félagsins fyrir næsta ár, og endurskoðaðir reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar. Fráfarandi stjórn skal á aðalfundi leggja fram ársskýrslu og skýra frá starfi og hag félagsins undanfarið starfsár.

Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Aukaaðalfund skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

9. grein. Félagsfundir :

Félagsfund skal boða ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

10. grein. Heimild stjórnar :

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

11. grein. Verkefni stjórnar :

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

12. grein. Stjórnir deilda :

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hvernar deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

13. grein. Formannafundir :

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum

Þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annara tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

14. grein. Eignir félagsins :

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varpa starsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt sköl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

15. grein. Skuldsetning félagsins :

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

16. grein. Heiðursveitingar :

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðurfélögum skal við háttíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

17. grein. Lagabreytingar :

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

18. grein. Gildistaka :

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 16. apríl 2002.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2006

Lagt fram á aðalfundi félagsins 29. mars 2007.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 29. mars 2007:

Gunnar Þór Gestsson, formaður
Magnús Helgason, varaformaður
Jakob F. Þorsteinsson, ritari
Elínborg Svavarsdóttir, gjaldkeri
Gunnar Björn Rögnvaldsson, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Arnar Halldórsson
Snorri Styrkársson
Ómar Bragi Stefánsson

Í stjórn félagsheimilisins Bifrastar:

Frímann Guðbrandsson, aðalmaður
Pálmi Sighvats, varamaður

Skoðunarmenn reikninga:

Jón Hallur Ingólfsson
Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Bókaðir stjórnarfundir á liðnu starfsári voru 11.

Heiðursfélagi Ungmennafélagsins Tindastóls

Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík

Skýrsla aðalstjórnar

Nú er annasömu afmælisári UMF Tindastóls lokið.

Afmælisárið hófst með stofnun afmælisnefndar. Nefndina skipuður fulltrúar allra deilda ásamt fulltrúa aðalstjórnar. Markmiðið var að skipuleggja og halda utan um atburði félagsins á afmælisárinu.

Afmælisnefndin vann mikið starf í samstarfi við deildir og aðalstjórn. Fyrsta verkið var að koma nýrri heimasíðu félagsins í afmælisbúning og útbúa merkingar á íþróttavöllinn og í íþróttahúsið.

Sunnudaginn 17. júní var svo haldin opin afmælishátíð á íþróttasvæðinu á Sauðárkróki í samvinnu við sveitarfélagið. Félagið leiddi skrudgöngu inn á íþróttavöllinn þar sem haldnar voru ræður, brugðið á leik og hlustað á skemmtiatriði. Kaupfélag Skagfirðinga bauð svo öllum upp á næringu í lok dagskrár. Sunddeild Tindastóls kórónaði svo daginn með glæsilegu afmælissundmóti.

Daginn áður hafði meistaraflokkur félagsins í knattspyrnu spilað hátíðarleik í nýjum búningum í stíl við fyrstu keppnisbúninga félagsins. Ómar Bragi stóð fyrir knattspyrnuhátíð aldarinnar og hingað komu margir núverandi og fyrrverandi knattspyrnumenn, karlar og konur sem hafa verið í meistaraflokkum félagsins í gegnum tíðina.

Knattspyrnudeildin stóð fyrir stærsta Króksmóti sem haldið hefur verið, stærsta móti sem haldið hefur verið á Sauðárkróki á vegum félagsins. Þetta var tuttuguasta Króksmótið með hátt í ellefuhundruð keppendur. Mikið var gert úr afmæli félagsins og mótsins og margt glæsilegt í boði fyrir keppendur og fylgdarfólk þeirra.

Valgeir Kárasón leiddi göngu upp á Tindastól í tilefni afmælis félagsins. Hópurinn kom fyrir gestabók í sérsmíðuðum kassa sem gaman verður að glugga í þegar fram líða stundir.

Lengi vel var stefnt að opnum skíðasvæðisins á afmælisdeginum. Skíðadeildin með Viggó Jónsson í fararbroddi hafa unnið kraftaverk á skíðasvæði félagsins og lagt fram stórhuga áætlun um áframhaldandi uppbyggingu.

Körfuknattleiksdeildin var með tvo heimaleiki á afmælisdeginum. Steinull og Sparisjóður Skagafjarðar buðu öllum á leikina þar sem allir skemmtu sér konunglega. Fullt hús og mikil stemming. Merkilegt að afmælisleikirnir skuli allir vera á móti Skallagrími.

UMF Tindastóll varð svo 100 ára þann 26. október 2007. Daginn eftir var haldin afmælishátíð á Mælifelli. Félagið afhenti starfsmerki, silfurmerki, gullmerki og heiðursmerki til félaga og annara sem þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf til margra ára. Árna Stefánssyni var sérstaklega veitt gullmerki félagsins fyrir hans framlag til almenningsíþróttá Skagafirði. Listi yfir alla sem félagið afhenti viðurkenningar var birtur í síðasta tölublaði Feykis á árinu 2007. Listan má einnig finna á heimasíðu félagsins, www.tindastoll.is

Gréta Sjöfn kom fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagafjarðar færandi hendi og afhenti félaginu kr. 1.000.000 í afmælisgjöf. Félagið hefur skipt þessari afmælisgjöf í fimm jafna hluti og

afhent deildum félagsins. Afmælisgjöfinni er ætlað að styðja við þjálfun yngri flokka félagsins með sérstökum uppákomum og fræðslu þjálfara.

Þórólfur kom fyrir hönd Menningarsjóðs Kaupfélags Skagafirðinga og færði félaginu kr. 2.000.000,- styrk. Upphæðin er ætluð til greiðslu á kostnaði við frumkönnun á framtíðarmannvirkjum á íþróttasvæði félagsins á Sauðárkróki. Frumdrög að uppbyggingu íþróttasvæðisins er að finna á heimasíðu félagsins.

Kristján kom fyrir hönd Sparisjóðs Skagafjarðar og Sjóvá og færði félaginu kr. 200.000,- í styrk vegna ritunar á sögu félagsins. Ljóst er að mikið verk er þar í vinnslu. Markmið félagsins er að birta og viðhalda sögu félagsins á heimasíðunni.

Markmið félagsins er að halda heimasíðunni okkar, www.tindastoll.is lifandi og skemmtilegri. Það á að vera auðvelt að fylgjast með rekstri félagsins, þar má finna upplýsingar um einstaka viðburði, árangur, úrslit og margt fleira. Ársskýrsla félagsins er aðgengileg af heimasíðunni þar sem farið er yfir það markverðasta í rekstri félagsins.

Áfram Tindastóll

Gunnar Þór Gestsson
Formaður UMFT

Minning Guttorms Óskarssonar

Guttormur Óskarsson fæddist í Hamarsgerði í Lýtingsstaðarhreppi í Skagafirði 29. desember 1916. Hann lést á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki 13. nóvember síðastliðinn. Foreldrar hans voru Óskar Á. Þorsteinsson, bóndi í Hamarsgerði, síðar í Kjartansstaðakoti, Langholti, f. 6.12. 1873, d. 20.2. 1967, og kona hans Sigríður Hallgrímsdóttir, f. 1.12. 1872, d. 3.9. 1953. Systkini Guttorms voru tíu og eru þau öll látin: Laufey, f. 25.7 1898, dó ung, Helga, f. 22.1 1901, d. 27.1. 1998, Steingrímur, f. 1.5. 1903, d. 18.11. 1990, Petrea, f. 30.6. 1904, d. 27.12. 1998, Sigurður, f. 6.6. 1905, d.10.8. 1995, Ingibjörg, f. 20.12. 1906, d. 4.10. 1924, Margrét, f. 1.6. 1908, d. 30.12. 1926, Vilhjálmur, f. 18.10. 1910, d. 8.1. 2005, Skafti, f. 12.9 1912, d. 7.8. 1994, Ármann, f. 1.1. 1914, d. 27.11. 1987, og uppeldisbróðir Ragnar Örn, f. 7.10. 1921, d. 11.1. 2005.



15. október 1944 kvæntist Guttormur Ingveldi Hólmsteinu Rögnvaldsdóttur, f. 4.1. 1922. Foreldrar hennar voru Rögnvaldur Jónsson, bóndi og vegaverkstjóri á Tyrningsstöðum og Ytri Kotum í Akrahr., Skag., síðar á Sauðárkróki og k.h. Árný Sigríður Árnadóttir. Dætur Guttorms og Ingveldar eru: 1) Sigríður, f. 19.11. 1947, m. Pétur Skarphéðinsson, f. 26.3. 1946. Börn þeirra: a) Skarphéðinn f. 1.6. 1974, m. Hildur Gróa Gunnarsdóttir. Dætur þeirra: Auður og Vigdís. b) Inga Dóra, f. 8.1. 1980, sambýlismaður Sveinn Eggertsson. 2) Ragnheiður, f. 5.12. 1953, m. Sigurður Frostason, f. 22.3. 1954. Börn þeirra: a) Jórunn, f. 5.8. 1977, m. Valgarður Ragnarsson. Börn þeirra: María og Frosti. b) Óskar, f. 16.4. 1983, í sambúð með Hafrúnu Pálsdóttur. 3) fósturdóttirin, Elísabet Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, bróðurdóttir Guttorms, f. 27.2. 1958. Dóttir hennar og Kára Sveinssonar er Inga Rún, í sambúð Abayom Michael Banjoko. Sonur þeirra: Michael Kári. Dóttir Ingu Rúnar og Þráins Péturssonar er Helga Bríet.

Guttormur stundaði nám í Reykholti í Borgarfirði og síðan í Samvinnuskólanum í Reykjavík, 1942-1944. Að námi loknu starfaði hann hjá fræðsludeild Sambands íslenskra samvinnufélaga í tvö ár. 1946 fluttust þau hjón til Sauðárkróks og Guttormur hóf störf sem gjaldkeri hjá Kaupfélagi Skagfirðinga þar sem hann starfaði óslitið til starfsloka. Guttormi voru félagsstörf hugleikin. Auk þátttöku í hinum ýmsu félögum á Sauðárkróki var hann til æviloka dyggur stuðningsmaður Framsóknarflokksins og gegndi á þeim vettvangi fjölmörgum trúnaðarstörfum.

Guttormur Óskarsson varð heiðursfélagi á aðalfundi UMF Tindastóls þann 20. október 1982.

Ársreikningur aðalstjórnar

Rekstrarreikningur ársins 2007

Tekjur	2007	2006
Fjáröflun		
Lottó	662.945	471.551
Árgjöld	0	33.250
Önnur fjáröflun	0	3.645
Fjáröflun alls	662.945	508.446
Styrkir		
Skagafjörður, húsaleigustyrkur	9.646.000	9.646.000
Skagafjörður	8.930.000	8.020.000
Kaupþing banki, Sauðárkróki	1.500.000	1.500.000
Kaupfélag Skagfirðinga	1.680.000	1.680.000
Styrkir vegna afmælishátíðar	2.750.000	
Olíufélagið ehf.	0	700.000
Sparisjóður Skagafjarðar		0
Fjölnet hf.	148.003	177.814
Styrkir alls	24.654.003	21.723.814
Vaxtatekjur og gengishagnaður	385.067	935.895
Tekjur alls	25.702.015	23.168.155
Gjöld		
Íþróttahús, húsaleiga	9.646.000	9.646.000
Körfuknattleiksdeild	3.225.000	2.300.000
Knattspyrnudeild	2.105.000	1.500.000
Knattspyrnudeild, 3fl. karla	0	200.000
Sunddeild	370.000	450.000
Frjálsíþróttadeild	972.000	950.000
Skíðadeild	463.000	464.470
UMSS félagsgjöld	60.000	60.000
Kostnaður vegna afmælishátíðar	623.030	0
Stjórnunarkostnaður	222.667	339.360
Húsaleiga Víðigrund 5	180.000	180.000
Tölvukostnaður	148.003	180.714
Rekstrargjöld alls	18.014.700	16.270.544
Vaxtagjöld og verðbætur	2.170.900	2.481.171
Gjöld samtals	20.185.600	18.751.715
Hagnaður ársins	5.516.415	4.416.440

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	2007	2006
Fastafjármunir		
Eignarhluti í Bifröst FM	1.820.000	1.627.000
Veltufjármunir		
Kaupfélag Skagfirðinga	420.000	420.000
Verðbréf IS-15	4.111.893	4.043.199
Verðbréf, alþjóðlegur hlutabréfasjóður	1.107.962	896.871
Tékkareikningur 5763 í Kaupþing banka	3.086.643	1.097.341
Markaðsreikningur 301601	2.136.633	0
Sparisjóðsbók nr. 133217	11.648	11.189
Sparisjóðsbók nr. 14756	8.778	8.431
Gjaldeyrisreikningur nr. 400226	6.483	6.573
Gjaldeyrisreikningur nr. 301295	1.728	1.756
Tékkareikningur 3400 í Landsbanka Íslands	195	188
Árgjöld	8.788	276.450
Veltufjármunir alls	10.900.751	6.761.998
Eignir samtals	12.720.751	8.388.998
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	-3.516.285	-8.080.725
Endurmat ársins	193.000	148.000
Hagnaður ársins	5.516.415	4.416.440
Eigið fé alls	2.193.130	-3.516.285
Skuldir		
KB banki nr. 30	10.520.706	11.895.108
Lánadrottnar	6.915	10.175
Skuldir alls	10.527.621	11.905.283
Eigið fé og skuldir alls	12.720.751	8.388.998

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

Aðalfundur knattspyrnudeildar var haldinn í nóvember 2006. Fyrri stjórn hélt áfram nema að Magnús Helgason gjaldkeri gaf ekki kost á sér áfram. Þökkum við Magnúsi kærlega fyrir góð störf. Nýja stjórn skipuðu: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður og gjaldkeri, Skúli V. Jónsson varaformaður, Auður Aðalsteinsdóttir ritari og Hrafnhildur S. Pétursdóttir meðstjórnandi. Stjórnin fundaði nokkuð reglulega á tímabilinu. Skúli V. Jónsson hélt áfram starfi sínu sem framkvæmdarstjóri og þökkum við Skúla fyrir vel unnin störf. Á vordögum bauð Atli Hjartarson fram krafta sína sem gjaldkeri deildarinnar og var því tekið fagnandi. Einnig var Guðný Jóhannesdóttir með okkur á nokkrum fundum. Þar fyrir utan starfaði Ómar Bragi Stefánsson sem starfsmaður meistaraflokks karla og sá hann einnig um heimasíðu deildarinnar, ásamt auðvitað knattspyrnuhátíð aldarinnar. Stjórnin vill þakka Ómari Braga kærlega fyrir frábær störf.

Yngri flokkar

Mikil breyting var á starfi deildarinnar á þessu ári því samtals 8 flokkar bættust við, þar af 6 yngri flokkar, eða 7. flokkur karla og kvenna, 6. flokkur karla og kvenna og 5. flokkur karla og kvenna. Iðkendum fjölgaði því mikið, sem er mjög ánægjulegt en hefur auðvitað í för með sér meira utanumhald og rekstur.

Þjálfarar sem voru ráðnir voru eftirfarandi:

7. flokkur karla og kvenna: Ómar Bragi Stefánsson og Ingvi Hrannar Ómarsson. Fannar Gíslason var til aðstoðar.

6. og 5. flokkar karla og kvenna: Vanda Sigurgeirsdóttir. Til aðstoðar Jón Kristinn Skúlason og Arnar Skúli Atlason

4. flokkur kvenna: Hrafnhildur Guðnadóttir

4. flokkur karla: Ingvar Magnússon.

3. flokkur kvenna: Guðjón Örn Jóhannsson

3. flokkur karla: Gísli Sigurðsson og Snorri Geir Snorrason

Yfir veturinn fóru æfingar fram í íþróttahúsinu, reiðhöllinni og á sparkvellingum. Tímarnir sem knattspyrnudeild fær í íþróttahúsinu eru fáir og um helgar þannig að oft falla niður æfingar. Að auki þurfa flokkar að æfa saman og því oft þröngt á þingi. Ljóst er að við þessa aðstöðu verður ekki unað til lengdar því afleiðingin verður að okkar iðkendur dragast aftur úr getulega séð og við munum missa leikmenn í burtu sökum aðstöðuleysis haust, vetur og vor. Aðstaðan á sumrin er aftur á móti til mikillar fyrirmyndar og viljum við þakka Sigurbirni vallarstjóra og hans mönnum fyrir gott samstarf sl. sumar.

Í sumar tókum við þátt í sumarTÍM og þrátt fyrir skiptar skoðanir um ágæti þess innan stjórnar þá er ljóst að þátttakan hjá okkur var mjög góð. Halldór Jón Sigurðsson og Jón Kristinn Skúlason sáu um þjálfunina, ásamt góðum hópi unglunga úr vinnuskólanum. Donni var yfirþjálfari og stóð sig mjög vel. Því er ánægjulegt að hann, ásamt Guðjóni Erni, hafa

tekið að sér stöðu yfirþjálfara næsta sumar, ásamt töluverðri vinnu nú á vetrarmánuðum. Það er mjög mikilvægt fyrir deildina að hafa yfirþjálfara til að halda utan um okkar oft unga þjálfarateymi. Guðjón og Donni munu einnig sjá um mótin næsta sumar og ekki veitir af því ekki verður lengur við það ráðið að vinna þetta eingöngu í sjálfboðaliðavinnu, eins og gert hefur verið hingað til.

3. flokkur kvenna fór til Gautaborgar sl. sumar og tók liðið þátt í hinu árlega Gothia cup. Þátttakendur voru um 35.000 og er þetta stórkostlegt knattspyrnumót. Stelpurnar þurftu að leika við eldri stelpur og var árangurinn því ekkert sérstakur en þær stóðu sig eigi að síður mjög vel í allri ferðinni og voru félagi sínu til sóma. Í fararstjórn voru Guðjón Örn þjálfari, Vanda leiðsögumaður, Hanna Bryndís liðstjóri og Jakob fararstjóri.

Meistaraflokkar og 2. flokkur karla

Meistaraflokkur karla lék í 3. deild í sumar. Þar fyrir utan sendum við til leiks lið í 2. flokki karla og meistaraflokki kvenna og eru liðin all mörg ár síðan það var gert síðast. Mikilvægt er að halda úti þessum liðum og þetta því ánægjuleg þróun sem vonandi verður áframhald á.

Þjálfarar sem voru ráðnir voru eftirfarandi:

Meistaraflokkur karla: Róbert Haraldsson.

Meistaraflokkur kvenna: Vanda Sigurgeirsdóttir og Guðjón Örn Jóhannsson var aðstoðarþjálfari.

2. flokkur karla: Jóhann M. Jóhannson, sem jafnframt var til aðstoðar í mfl. karla.

Meistaraflokkur karla tók þátt í Powerade mótinu, deildarbikar, bikarkeppninni og Íslandsmóti. Meistaraflokkur kvenna tók þátt í bikarkeppninni og Íslandsmóti. Yfir veturinn var æft í reiðhöllinni, íþróttahúsinu, sparkvöllinum, Þreksport og á götum bæjarins. Til sparnaðar keyrðu leikmenn mfl. karla í marga leiki og þökkum við þeim kærlega fyrir það.

Árangur allra flokka

Árangurinn var upp og niður, svona eins og gengur. Það sem bar hæst var auðvitað að meistaraflokkur karla fór upp í 2. deild. Eftir frábært gengi framan af sumri hikstuðu strákarnir örlítið í lokin sem þýddi að þeir fóru sannarlega erfiðari leiðina og héldu okkur stuðningsmönnum í mikilli spennu dögum og vikum saman. Allt gekk þó upp að lokum og eftir löng ferðalög til hægri og vinstri, austur og vestur var markmiðinu náð; við spilum í 2. deild að ári! Þetta var ein besta afmælisgjöfin á 100 ára afmæli Tindastóls. Ekki var árangurinn síðri þegar þess er gætt að stjórnin, í samráði við nýjan þjálfara, tók þá ákvörðun að byggja liðið nær eingöngu á heimamönnum. Stjórnin tók þessa ákvörðun í ljósi fjárhagsstöðunnar en einnig til að gefa okkar leikmönnum tækifæri á að spila.

Meistaraflokkur karla: 4. sæti á Powerade, 3. sæti í riðlinum í B deild í deildarbikar, duttum út í 2. umferð í bikarkeppninni eftir vítaspyrnukeppni gegn Völsungi og enduðum í 2. sæti í riðlinum í 3. deild. Komust því áfram í úrslitakeppnina, enduðum í 5. sæti og tryggðum því sæti í 2. deild að ári.

Meistaraflokkur kvenna: 4. sæti í Íslandsmóti í 1. deild kvenna og duttum út í fyrstu umferð í bikarkeppninni.

2. flokkur karla: 5. og næstneðsta sæti í riðlinum (C2). Það gerðist í 2. flokki í sumar að liðið mætti ekki til leiks gegn Hetti á Egilsstöðum. Við fengum því sekt frá KSÍ upp á rúmlega 100.000 kr. Mikilvægt er að þetta endurtaki sig ekki.

Í yngri flokkum eru markmiðin aðallega að halda sem flestum sem lengst í íþróttinni, að hafa gaman og að bæta sig. Árangurinn var mjög góður hvað þetta varðar. Í Íslandsmótum var árangur ágætur. 2. fl. kvenna og 3. flokkur karla fóru í úrslit á Íslandsmóti innanhúss, 4. flokkur kvenna fór í úrslit á 7 manna velli og enduðu þær í 4. sæti, með jafnmörg stig og liðið í 3. sæti en lakara markahlutfall. 3. flokkur karla fór í úrslit en töpuðu í fyrsta leik gegn Keflavík og voru þar með úr leik. Þeir léku einnig til úrslita í bikarkeppninni á norðurlandi en töpuðu 3 – 1 fyrir Þór. 4. flokkur karla varð í 4. sæti af 9 liðum en flokkurinn var rekinn í samstarfi við Hvöt og stilltum við upp sameiginlegu liði. 3. flokkur kvenna lenti í 3. sæti í sínum riðli. Þar sem árangur í flokkum yngri en 12 ára er aukaatriði verða úrslit ekki talin hér upp.

Króksmót

Króksmótið var haldið helgina 11. og 12. ágúst. Þátttakendur voru tvöfalt fleiri en í fyrra, eða um 1100 frá 24 félögum, samtals 122 lið. Mótið gekk einstaklega vel í alla staði nema að maturinn kláraðist á laugardagskvöldið og um 100 manns þurftu að bíða meðan frábærir foreldrar hentust út um allan bæ að redda málum. Þegar er búið að ákveða plan B fyrir næsta ár.

Fyrir Króksmót og á mótinu sjálfu þarf mikið að vinna og var öll vinnan, nema hjá Skúla, unnin í sjálfboðavinnu. Stjórnin skipti með sér verkum og var Vanda mótsstjóri, Skúli framkvæmdarstjóri, Atli sá um fjármálin, Hrafnhildur sá um matinn og sjoppuna, ásamt vaskri sveit foreldra og Auður um gistinguna. Þar fyrir utan kom fjöldi manns að mótinu; Þorsteinn Broddason var búinn að bæta tölvuforritið sem hann bjó til fyrir mótið í fyrra og sá það um niðurröðun leikja, talningu stiga, röðun í sæti ásamt skráningu dómarakorta. Þorsteinn, Róbert Haraldsson, Vanda, Skúli og Guðjón Jóhannson voru svo í vallarhúsi og sáu um að færa inn öll úrslit. Að auki var, eins og í fyrra, flatskjár hangandi á vegg í vallarhúsi og þar birtust öll úrslit leikja og staða í riðlum. Auk þess sá Bjarki um dómaramálin og gengu þau mjög vel. Róbert sá um fararstjórarafundina og verðlaunaafhendingu, Ómar Bragi um setninguna og svo mætti áfram telja. Vanda skráði niður allt sem gera þurfti, upplýsingar, símanúmer og þess háttar og er þar komið frábært tæki sem hægt er að nota á komandi árum. Þar sem um afmælimót var að ræða ákváðum við að fá Björgvin Franz á kvöldvökuna og hafa flugeldasýningu. Tókst það mjög vel. Kvöldvakan var úti enda varla hægt að koma öllum þessum fjölda fyrir í íþróttahúsinu svo vel sé. Þrátt fyrir að kostnaður fylgi því að fá utanaðkomandi skemmtikraft setti það skemmtilegan svip á mótið.

Keppendur, þjálfarar og fararstjórar voru mjög ánægðir með mótið og er allt útlit fyrir að Króksmótið verði árlegur viðburður hjá fjölda liða alls staðar af landinu.

Foreldrar Tindastólsskrakkanna stóðu sig mjög vel að vanda og þökkum við þeim kærlega fyrir góð störf. Einnig öllum þeim dómurum sem dæmdu af mikilli röggsemi. Án allra þessara sjálfboðaliða væri ekki hægt að halda Króksmótið og störf þeirra eru ómetanleg. Ekki má gleyma að þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem styðja okkur, sérstaklega Fisk- Seafood, sem er aðalstyrktaraðili mótssins.

Það sem helst þarf að laga fyrir næsta ár er rafmagnsmálin á tjaldstæðinu en það koma bókstaflega allir með græjur sem þarf að stinga í samband. Gott væri að hafa fund með viðeigandi aðilum hjá sveitarfélaginu sem fyrst til að ræða mótin næsta sumar. Einnig þarf að byrja á Króksmótsblaðinu fyrr en við höfum verði að redda því á síðustu stundu undanfarin tvö ár.

Landsbankamót

Landsbankamótið var haldið öðru sinni helgina 23. og 24. júní. Að þessu sinni var mótið fyrir alla yngri flokka kvenna. Um 350 keppendur mættu til leiks, sem er nær þreföldun frá því í fyrra og tókst mótið mjög vel. Landsbankanum þökkum við kærlega gott samstarf sem vonandi á eftir að eflast enn frekar í framtíðinni. Ekkert er því til fyrirstöðu að stækka Landsbankamótið enn frekar. Eins og á Króksmótinu hjálpuðu foreldrar til, ásamt leikmönnum í meistaraflokkum karla og kvenna, 3. flokki karla, Róbert Þjálfari, ásamt stjórninni og fleirum sem komu að. Eitt af verkefnum komandi stjórnar er að velta fyrir sér mönnun á Landsbankamótinu, takist að stækka það, sem allt útlit er fyrir. Eiga foreldrar að vinna á tveimur mótum yfir sumarið eða á að grípa til annarra ráðstafanna, t.d. borga þeim flokki sem fer erlendis það árið fyrir að taka að sér ákveðna þætti, eins og t.d. gæslu og þrif í skólum. Þá væri hægt að manna matinn og sjoppuna með foreldrum og leikmönnum meistaraflokka. Þetta er aðeins ein hugmynd en ljóst er að ef draumar rætast og bæði mótin verða með um 1000 keppendur þá þarf að velta því alvarlega fyrir sér hversu mikla sjálfböðavinnu hægt er að ætlast til að foreldrar inni af hendi.

Fjármál

Að venju fór mikill tími stjórnar í fjármálin og rekstur deildarinnar. Staðan var ekki góð í upphafi starfsárs og þurftum við virkilega að taka til hendinni. Það gekk sem betur fer vel og náðum við með samstilltu átaki að borga niður þær skuldir sem safnast höfðu saman á árinu á undan. Þetta er góður árangur, ekki síst í ljósi þess að á árinu bættust 8 flokkar við í rekstur knattspyrnudeildar, þar á meðal 2. flokkur karla og mfl. kvenna þar sem ekki koma inn æfingagjöld til að mæta kostnaði.

Á árinu gerðum við þriggja ára samning við Landsbankann sem nú er aðalstyrktaraðili deildarinnar. Í kjölfarið voru keyptir nýjir búningar á meistaraflokkana og 2. flokk karla, ásamt klæðnaði á þjálfara. Mjög mikilvægt er að hafa þjálfarana í klæðnaði merktan félaginu og ættum við gera slíkt á hverju ári.

Önnur mál

Knattspyrnuhátíð aldarinnar var haldin 16. júní, í tilefni af 100 ára afmæli Tindastóls. Hátíðin tókst mjög vel og vil stjórnin þakka Ómari Braga fyrir alla hans vinnu í tengslum við hátíðina. Deildin, tók þátt í sérstakri afmælis dagskrá á 17. júní þar sem öllum börnum – og íbúum var boðið upp á skemmtilegan ratleik. Voru það allar deildir Tindastóls sem buðu upp á þessa skemmtilegu nýjung. Hefur þátttaka í hátíðarhöldunum sjaldan eða aldrei verið fjölmennari og skemmtilegri. Jólatrjáasalan gekk vel og bar Skúli hitan og þungan af henni, eins og venjulega. Ýmislegt annað gerðist á árinu sem ekki verður tíundað hér en í heild var þetta afmælisár einkar skemmtilegt og eftirminnanlegt fyrir okkur öll í knattspyrnudeild Tindastóls.

Lokaorð

Nú er lokið afar viðburðarríku ári þar sem við áttum bókstaflega enga peninga meiri hlutann af árinu. Þjálfarar og leikmenn meistaraflokka sýndu þessu skilning, laun þjálfara voru greidd of seint og leikmenn keyrðu sjálfir í leiki. Smám saman réttu við út kútnum og formaðurinn hætti að vera með hnút í maganum yfir fjárhagsstöðunni. Þetta ár hefur kennt okkur hvað það er mikilvægt að missa ekki reksturinn úr böndunum, eins og gerðist árið 2006, því það er svo ansk... leiðinlegt að þurfa að vinna upp taprekstur árið eftir. En þetta ár hefur einnig kennt okkur hvað margt er hægt að gera ef við stöndum saman. Mótin tókust frábærlega, knattspyrnuhátíðin skemmtileg, þátttaka í flokkum góð og að lokum meistaraflokkur karla í 2. deild. Í heild var þetta því afar vel heppnað afmælisár hjá knattspyrnudeild Tindastóls.

Einnig er vert að minnast á að stjórnin ákvað að ein af þeim vinnureglum sem við vinnum eftir sé að ekki er gert upp á milli kynja í starfi deildarinnar. Í meistaraflokkum birtist þetta þannig að stelpurnar fengu það sama og strákararnir, sem er mjög mikilvægt. Hefur þetta að gera með æfingatíma, búnað, ferðalög o.fl. Með þessu sendum við þau skilaboð að allir okkar iðkendur séu jafn mikilvægir.

Að lokum viljum við þakka þeim fjölmörgu aðilum sem studdu við bakið á deildinni, sérstaklega FISK-Seafood, Landsbankanum, Sparisjóði Skagfirðinga, Kaupfélagi Skagfirðinga, Sveitarfélaginu Skagafirði, Ólafshúsi, Steinull, Kaffi Krók, Kaupþing og fleirum.

Ársreikningur knattspyrnudeildar

Rekstrarreikningur 01.10.2006 - 31.12.2007

	2006-7	2005-6
Rekstrartekjur		
Framlag frá aðalstjórn	2.625.000	1.850.000
Fjárafilanir	4.624.086	1.680.000
Aðgangseyrir	237.500	280.495
Æfingagjöld yngri flokka	2.115.414	1.199.000
Króksmót	7.105.571	4.282.339
Landsbankamót	2.526.337	809.000
Vallarumsjón	0	
Jólatréssala	1.155.000	932.678
Aðrar tekjur	1.050.125	865.392
Rekstrartekjur samtals	21.439.033	11.898.904
Rekstrargjöld		
Rekstur skrifstofu	1.247.543	805.528
Meistaraflokkar	9.741.741	6.396.445
Yngri flokkar	5.154.467	2.693.820
Króksmót	2.312.335	1.709.053
Landsbankamót	631.816	337.713
Vallarumsjón		0
Jólatréssala	82.930	588.481
Annar kostnaður	642.752	170.797
Rekstrargjöld samtals	19.813.584	12.701.837
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsl.	1.625.449	-802.933
Afskriftir	-341.438	-575.521
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	48.127	41.245
Vaxtagjöld	266.705	267.662
Fjármagnsliðir samtals	-218.578	-226.417
Hagnaður/-tap tímabilsins	1.065.433	-1.604.871

Rekstrarreikningur 31.12.2007

	31.12.2007	30.09.2006
Eignir		
Bankareikningar	604.973	24.892
Viðskiptakröfur	443.587	758.587
Óinnheimt æfingagjöld	37.000	50.000
Búningar	190.191	380.381
Stúka	1.528.571	1.618.487
Sjónvarp	0	48.000
Tölva	0	13.332
Eignir alls	2.804.322	2.893.679
Skuldir og eigið fé		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	1.480.472	1.329.568
Launaskuldir	0	271.000
Tékkareikningar	0	457.568
Næsta árs afb.	0	250.000
Áf. vextir á láni	0	77.126
Skammtímaskuldir alls	1.480.472	2.385.262
Langtímaskuldir		
Skuldabréf 16055	0	250.000
Langtímaskuldir alls	0	250.000
Skuldir alls	1.480.472	2.635.262
Eigið fé		
Eigið fé í byrjun tímabils	258.417	1.863.288
Hagnaður/-tap tímabilsins	1.065.433	-1.604.871
Eigið fé í lok tímabils	1.328.850	258.417
Skuldir og eigið fé	2.804.322	2.893.679

Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar

Ágætu félagar!

Að loknu starfsári er rétt að fara í fáum orðum yfir árið og keppnistímabilið.

Starf deildarinnar var með mjög líku sniði og mörg undanfarin ár og tímabilið í raun frekar venjulegt. Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Halldór Halldórsson, Áskell Heiðar Ásgeirsson, Jóhann Ingólfsson, Jóhann Sigmarsson og Viggó Jónsson.

Ekki varð nokkur breyting á helsta starfi stjórnarinnar sem líkt og endranær fólst aðallega í að sinna fjárhagnum og reyna að láta enda ná saman. Af gömlum vana þykir mér rétt að nefna að endalaus vinna við að afla fjár kemur niður á öðrum þáttum í starfi deildarinnar og stendur í vegi fyrir því að fólk gefi sig í starf fyrir deildina.

Eins og lesa má í ársreikningi tókst ágætlega til við rekstur deildarinnar á síðasta tímabili þannig að nokkur afgangur varð af rekstrinum eða rúmlega 500.000 krónur sem er vel ásættanlegt. Í dag má segja að deildin sé nánast skuldlaus ef frá er skilin skuld við Merkisbræður sf. en stefnt er að því að með tíð og tíma verði skuld þessi greidd með vinnu þ.a. ekki ætti að koma til mikilla fjárútláta vegna þessa. Sem endranær ber að þakka þeim fyrirtækjum sem styrktu okkur á síðasta tímabili. Þá hefur sveitarfélagið stutt við bakið á okkur af myndarbrag. Nú er þarf að gæta þess að deildin verði áfram rekin án taps því ella er voðinn vís eins og menn þekkja frá fyrri tímum.

Eins og kunnugt er hefur deildin átt og rekið rútu í eitt og hálf keppnistímabil. Reksturinn hefur gengið vel og sýnt að með þessum hætti sparast nokkurt fé við ferðalög. Þó er sá hængur á að á stundum getur reynst erfitt að fá bílstjóra til að aka rútnu og er það vandamál sem við þurfum með einhverjum hætti að leysa. Líkt og endranær var unnið allnokkuð við fjáraflanir og þær fjölbreyttar að vanda.

Nokkur orð um árangur félagsins á vellinum.

Af meistaraflokki karla er það að segja, að Kristinn Friðriksson var líkt og undanfarin ár þjálfari liðsins. Leikmannamál voru óljós fram eftir sumri en úr rættist eins og jafnan. Eftir árs veru í fyrstu deild var ljóst að bæta þurfti við hópinn og var þá einkum horft á erlenda leikmenn í því sambandi. Þó undarlegt megi virðast þá er mjög erfitt að fá frambærilega íslenska leikmenn til að koma hingað á Krók í þeim tilgangi að spila körfubolta. Hitt er svo allt annað mál og snúnara hvort ástæða sé yfir höfuð til þess að fá hingað aðkomumenn til að spila körfubolta. Það má vel vera að rétt sé að nota eingöngu heimamenn en þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því að liðið yrði þá í besta falli miðlungslið í næst efstu deild. Í mínum huga er ljóst að slíkt myndi leiða til þess að áhugi barna og unglinga fyrir íþróttinni minnkaði og þar með allra bæjarbúa. Markmið vetrarins var einkum að halda sæti liðsins í efstu deild og tókst það.

Ekki tókst að manna meistaraflokk hjá stúlkum og var hann því ekki sendur til keppni en svo hafði verið árið áður. Gera þarf átak í málefnum stúlkna hjá deildinni og vonandi tekst betur á næsta vetri.

Yngri flokkar stóðu sig eins og undafarin ár með miklum sóma. Þó höfum við oft áður átt fleiri flokka í A-riðli. Hér þarf sem svo víða annarstaðar að efla starfið og virkja fleiri til starfa. Nauðsynlegt er að stofna unglíngaráð sem einbeitt sé að verkefnum barna og unglínginga. Deildin hefur nú gert fjárhagslegan greinarmun á rekstri meistaraflokka og barna- og unglíngastarfs þannig að auðveldara er að sjá hversu mikið fjármagn þarf til að reka barna- og unglíngastarfið. Þetta ætti að leiða til þess að auðveldara verði að fá fólk til að starfa eingöngu í þessum flokki. Rétt og skylt er að benda á þá staðreynd að nú í vetur störfuðu einungis vel menntaðir og hæfir þjálfarar við þjálfun yngri flokka deildarinnar og er það eitthvað sem við verðum að leggja áherslu á í framtíðinni.

Áður en ég læt lokið ferð minni yfir síðasta ár er ekki hægt að komast hjá því að nefna að deildin fær allt of lítinn tíma í íþróttahúsinu til æfinga. Eftir því sem starfið eflist og þá ekki bara hjá okkur heldur hinum deildunum líka þurfa allir meiri tíma til æfinga. Meistaraflokkur karla þarf mikinn tíma og æfir raunar allt of lítið og á stundum í of litlu plássu. Hinir flokkarnir fá heldur ekki þann tíma sem þeir þurfa. Íþróttahúsið er í raun sprungið og ekki bætti svo úr skák að mannamót af öllum gerðum voru haldin í íþróttahúsinu og þá féllu niður æfingar á meðan. Uppákomur þessar voru allt of margar og óviðunandi fyrir okkur. Ég hef enga lausn á þessum húsnæðisvanda nema þá að menn reyni að nýta betur íþróttahúsið í Varmahlíð ef það stendur til boða. Síðan er auðvitað sú góða lausn að byggja fjölnota hús.

Að endingu þykir mér við hæfi að þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á einhvern hátt en þrátt fyrir að mér þyki sem of fáir leggi hönd á plóg þá er það svo að við eigum víða hauka í horni.

Með íþróttakveðju,

Halldór Halldórsson, formaður körfuknattleiksdeildar.

Ársreikningur körfuknattleiksdeildar

Rekstrarreikningur 01.07.2006 - 30.06.2007

	2006	2007
Rekstrartekjur		
Aðgangseyrir	628.282	826.574
Æfingagjöld	1.020.000	1.579.000
Fjárafánir	1.688.846	2.869.263
Auglýsingar og styrkir	6.309.200	7.170.422
Tekjur vegna bifreiðar	390.800	1.512.170
Niðurfelldar skuldir	0	0
Rekstrartekjur alls	10.037.128	13.957.429
Rekstrargjöld		
Laun- og launatengd gjöld	3.589.452	4.739.975
Þjálfunarkostnaður yngri flokka	0	1.767.000
Húsnæðiskostnaður	400.000	680.082
Ferðakostnaður	2.188.820	2.128.661
Gjöld til KKÍ og dómara	839.708	977.285
Búningakaup yngri flokka	546.761	514.124
Sjúkrakostnaður	0	83.393
Auglýsingar og prentun	8.107	76.092
Rekstur bifr. RK-587	207.559	1.378.469
Afskrift bifreiðar	372.000	223.200
Afskrift kvikmyndatökuvélar	44.375	0
Annar kostnaður	430.955	590.429
Rekstrargjöld alls	8.627.737	13.158.710
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	1.409.391	798.719
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	948	4.627
Vaxtagjöld	-136.963	-266.443
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld alls	-136.015	-261.816
Niðurstaða ársins	1.273.376	536.903

Rekstrarreikningur 01.07.2006 - 30.06.2007

Eignir	2006	2007
Veltufjármunir		
Bankainnistæður	27.838	217.654
Veltufjármunir alls	27.838	217.654
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Kvikmyndatökuvél	0	0
Bifreiðin RK-587	1.488.000	1.264.800
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	1.488.000	1.264.800
Eignir samtals:	1.515.838	1.482.454
Skuldir og eigið fé		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á tékkareikningi	44.619	56.164
Viðskiptaskuldir	1.103.036	1.142.087
Lýsing v/bifreiðar	1.710.896	1.200.013
Ógreitt vegna verksamninga og launat.gj.	188.161	78.161
Skammtímaskuldir alls	3.046.712	2.476.425
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	-2.804.250	-1.530.874
Niðurstaða ársins	1.273.376	536.903
Eigið fé alls	-1.530.874	-993.971
Skuldir og eigið fé alls	1.515.838	1.482.454

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar

Starf frjálsíþróttadeildar Tindastóls hefur verið í miklum vexti undanfarið ár og verður hér farið yfir árið í mjög stuttu máli.

Deildin hefur lagt metnað í að hafa góða þjálfara og höfum við Gunnar Sigurðsson sem okkar aðalþjálfara og hefur honum tekist með mikilli vinnu að efla frjálsíþróttir að nýju í Skagafirði.

Sunna Gestsdóttir kom inn síðasta sumar og aðstoðaði við þjálfun í nokkra mánuði.

Einnig höfum við um átta aðra þjálfara sem eru að þjálfa yngri hópa félagsins.

Í dag eru yfir 80 krakkar að æfa frjálsar og er stöðug fjölgun bæði í yngri og eldri hóp.

Við tókum þátt í Sumar tími sem á vonandi eftir að þróast og verða skemmtilegt samstarf milli deilda Tindastóls og efla enn fremur þátttöku barna í íþróttum almennt.

Við höfum lagt mikla áherslu á félagslega þáttinn og ýmislegt gert til að efla hann svo sem sumarbúststaðferðir, æfingaferðir, keppnisferð til Svíþjóðar ofl.

Lið Tindastóls er mjög sterkt þótt ungt sé að árum og er skemtilegt að geta verið með fólk í sínum röðum sem hefur komið sér í landslið Íslands í frjálsíþróttum.

Afrakstur ársins er mjög góður, liðið fór aftur uppí 1. deild eftir fall í fyrra en athygli vekur að ungmennin okkar eru að keppa við fullorðið fólk í þeirri keppni en þau eru sko ekki bangin, gera sitt besta og gleðin er í fyrirrúmi.

Við eignuðumst 3 nýja Íslandsmethafa á árinu en það voru

Gauti Ásbjörnsson sem setti íslandsmet 22 júlí á Laugum í flokki ungarla 21-22 ára þar sem að hann stökk 4.50 m í stangarstökki.

Árni Rúnar Hrólfsson setti Íslandsmet 15 júní á Sauðárkróksvelli í flokki sveina 15-16 ára í Fimmtarþraut fékk 2.863 stig.

Linda Björk Valbjörnsdóttir setti íslandsmet 29 júlí í 400m grindarhlaupi en það gerði hún svo rækilega að hún sló metið í tveimur aldursflokkum 15-16 ára og 17-18 ára og var tíminn 62.69 sek.

Mótin á síðasta ári voru fjölmörg, amk.30. Við fórum á stað með stórmót hér á Sauðárkróki í ágúst í samstarfi við UMSS sem kallaða var Norðulandsleikar æskunnar en það er fyrir yngri krakka upp að 12 ára aldri, Mótið tókst vel og er stefnt á að halda þessu móti sem árlegum viðburði.

Það eru alltaf hópur fólks sem þarf til að halda stórviðburði sem þennan og það voru yfir 40 sjálfboðaliðar sem komu að þessu móti og viljum við þakka þeim sérstaklega fyrir mikla aðstoð.

Án þessa fólks gætum við ekki haldið mót.

Aðstaða til frjálsíþróttta er upp á það besta utanhús og yfir sumartímann er æft úti við bestu aðstæður sem gerast hér á landi. Það breytist hinsvegar yfir vetrartímann sem er mjög slæmt, því vetrartímabilið er okkar helsta uppbyggingartímabil.

Við getum verið stolt af okkar góða frjálsíþróttarfólki sem er með því besta hér á landi og viljum að starfið eflist og ungt fólk hafi kost á að stunda íþróttir þar sem þarfir þeirra eru hafðir að leiðaljósi og vonumst við til að við fáum áframhaldandi stuðning við okkar starf frá aðalstjórn Tindastóls.

Ársreikningur frjálsíþróttadeildar

Rekstrarreikningur ársins 2007

	2007	2006
Tekjur		
Æfingagjöld	606.000	562.001
Styrkir frá aðastjórn	972.000	950.000
Styrkir og fjáraflanir vegna utanlandsferðar	252.000	719.424
Fjáraflanir	1.270.500	906.455
Tekjur vegna haldinna móta	132.170	525.492
Sérstakir styrkir	0	100.000
Vaxtatekjur	48.000	10.237
Tekjur alls	3.280.670	3.773.609
Gjöld		
Kostnaður vegna þjálfunar	2.507.613	2.171.500
Kostnaður vegna utanlandsferðar	235.581	0
Mótahald	45.268	228.496
Ferðakostnaður	313.869	94.500
Niðurfærðar kröfur		94.000
Auglýsingar	32.089	82.784
Annar kostnaður	86.295	115.190
Vaxtagjöld	24.554	20.304
Gjöld alls	3.245.269	2.806.774
Hagnaður ársins	35.401	966.835

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	2007	2006
Eignir		
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	150.000	300.500
Aðrar skammtímakröfur	4.704	4.704
Handbært fé	766.658	555.453
Eignir samtals	921.362	860.657
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	793.939	(172.896)
Hagnaður ársins	35.401	966.835
Eigið fé samtals	829.340	793.939
Skuldir		
Ýmsar skammtímaskuldir	92.022	66.718
Skuldir samtals	92.022	66.718
Eigið fé og skuldir samtals	921.362	860.657

Skýrsla stjórnar sunddeildar

Stjórnarstörf:

Stjórnin í heild var endurkjörin á aðalfundi deildarinnar 13. mars 2007.

Jón Ingi Sigurðsson var því áfram formaður, Snorri Styrkársson gjaldkeri, Hrönn Guðjónsdóttir ritari og þau Bryndís Aðalsteinsdóttir og Valgeir Kárason meðstjórnendur. Fundir voru reglulega haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði.

Starfsemi deildarinnar:

Þjálfarar deildarinnar frá áramótum og til vors voru þær Heiða Björk Jóhannsdóttir og Ósk Bjarnadóttir en eftir gott sumarfrí og mikla þjálfaraleit voru þau Heiða Björk Jóhannsdóttir og Fannar Arnarsson ráðnir þjálfarar deildarinnar á haustmánuðum.

Alls voru 7 mót sótt á vegum deildarinnar árið 2007, þar af 4 utan Sauðárkróks. Í febrúar var farið á Gullmót KR. Í júní var farið á ÍA-N1 mótið á Akranesi, Bikarmót Kiwanisklúbbsins Drangeyjar og Héraðsmót UMSS voru haldin hér á Sauðárkróki. Um mánaðarmótin júní júlí var farið á AMÍ á Akureyri. Í október var farið á Æskusundmótið í Stykkishólmi og í nóvember var Unglingamót UMSS haldið hér á Sauðárkróki. Að vanda stóðu krakkarnir sig vel, bættu árangur sinn og voru félaginu til sóma.

Farið var í nokkrar fjáraflanir á árinu 2007. Samið var við Kaupþing um gluggaþvott á útibúinu við Faxatorg. Skrifstofur Heilbrigðiseftirlitsins voru gerðar hreinar. Fasteignagjaldsseðlar voru bornir út yfir sumarmánuðina, boðskort vegna 100 ára afmælis Tindastóls voru merkt og borin út og í nóvember syntu krakkarnir hið árlega Túkallasund (áheitasund).

Þjálfaramál deildarinnar hafa ekki verið í nógu góðum málum síðustu ár. Deildina vantar tilfinnanlega menntaðan og reyndan þjálfara og gengur erfiðlega að finna slíkan einstakling. Þetta er ekki sagt núverandi þjálfurum til hnjóðs sem hafa gert sitt besta við oft erfið skilyrði. Á haustmánuðum skipti efnilegasti sundmaður deildarinnar Einar Helgi Guðlaugsson um félag og gekk til liðs við Óðinn á Akureyri og óskar stjórn deildarinnar honum velfarnaðar á nýjum slóðum

Á uppskeruhátð deildarinnar sem var haldin 22. febrúar 2007 voru viðurkenningar veittar, Einar Helgi Guðlaugsson fékk viðurkenningu sem sundmaður deildarinnar, Fríða Rún Jónsdóttir fékk viðurkenningu fyrir tæknilegar framfarir, Steinunn Snorradóttir fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Harpa Sigurðardóttir fékk viðurkenningu fyrir þrúðmennsku.

Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum sem komið hafa að rekstri og starfsemi deildarinnar og einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa sunddeildina á ýmsan hátt á árinu.

Sauðárkróki, janúar 2008

Stjórn sunddeildar Tindastóls.

Ársreikningur sunddeildar

Rekstrarreikningur árið 2007

Tekjur	2007	2006
Æfingagjöld	411.337	429.943
Styrkur frá UMFT	370.000	450.000
Styrkir og fjáröflun	64.318	1.300
Túkallasund	283.136	263.909
Vaxtatekjur	19.892	7.388
Annað	93.000	97.900
Tekjur alls	1.241.683	1.250.440
Gjöld		
Laun og launatengd	466.278	643.707
Auglýsingar og prentun	26.055	49.751
Verðlaun	12.700	45.800
Þátttökugjöld	126.350	54.100
Ferða og fæðiskostnaður	112.952	164.000
Félagsgjöld	116.830	168.800
Annar kostnaður	175.530	82.052
Vaxta og þjónustugjöld	22.002	9.314
Gjöld alls	1.058.697	1.217.524
Hagnaður / tap ársins	182.986	32.916

Efnahagsreikningur 31.12. 2007

Eignir	31.12.2007	31.12.2006
Bankainnistæður		
Tékkareikningur 3841 KB banki	654.465	640.635
Bankainnistæður alls	654.465	640.635
Viðskiptakröfur		
Óinnheimt æfingagjöld	45.792	52.830
Óinnheimt v/túkallasunds	113.470	0
Viðskiptakröfur alls	159.262	52.830
Eignir samtals	813.727	693.465
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Laun og launatengd gjöld	36.439	43.593
Ýmislegt ógreitt	32.430	88.000
Skuldir alls	68.869	131.593
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	561.872	528.956
Hagnaður / tap ársins	182.986	32.916
Eigið fé alls	744.858	561.872
Skuldir og eigið fé	813.727	693.465

Skýrsla stjórnar skíðadeildar

Stjórn skíðadeildar Tindastóls árið 2006-2007 skipuðu Eiður Baldursson, Margrét Helgadóttir, Rannveig Helgadóttir, Þórunn Sveindóttir og Þórhildur Ingadóttir.

Frá og með 1. október 2006 var Viggó Jónsson fastráðinn sem starfsmaður við skíðasvæðið, hélt hann áfram þar sem frá var horfið við undirbúning að uppsetningu snjóframleiðslukerfis. Bjarni Helgi Ragnarsson byrjaði að vinna á skíðasvæðinu 27. október 2006. Starfsmenn frá Vinnuvélum Símonar mættu á svæðið í október og var þá hafist handa við að grafa og koma niður rörum. Í lok mánaðarins slasaðist maður við vinnu í fjallinu í leiðinda veðri og var ákveðið að gera hlé á verkefninu þetta árið enda allra veðra von.

Skíðasvæðið var ekki opnað fyrr en 17. desember og mættu þá 34 í fjallið í blíðskapar veðri. Í ársbyrjun 2007 var gerður samningur á milli skíðadeildar Dalvíkur og skíðadeildar Tindastóls um að árskortshafar beggja félaga hafi aðgang að báðum skíðasvæðunum. Ekki er hægt að segja að verðið hafi leikið við skíðafólk í Skagafirði þennan veturinn. Sökum snjóaleysis var einungis opið í 30 daga og mættu á þeim tíma rúmlega 2000 manns í fjallið. Er þetta engan veginn ásættanlegt en með núverandi framkvæmdum er von okkar að hægt verði að hámarka opnunartíma á skíðasvæðinu.

Skíðasvæðinu var lokað 15. apríl í rigningar súdda.

Snjóframleiðslukerfið var pantað um mánaðarmótin jún-júl sl. Í sumar voru starfsmenn Skagafjarðarveitna fengnir til að sjóða saman plaströr sem leidd eru frá lóni að dælu og Skúli Ferdinandsson sá um að grafa og koma þeim fyrir. Króksverk ehf sá um gerð uppistöðulóns og hófst sú vinna 27. júlí, ennþá er unnið við að þetta og laga lónið. Sigurbjörn Skarðhéðinsson hefur verið að vinna hjá skíðadeildinni af og til í sumar við að ganga frá rörum og strengjum og við að reisa snjógirðingar meðfram lyftunni. Búið er að steypa grunn fyrir dæluhús og mun Fjölbrautarskóli Norðurlands Vestra smíða húsið sjálft.

Hallbjörn Ægir Björnsson og Viggó Jónsson gerðu rekstrar- og framkvæmdaskýrslu sem lögð var fyrir stjórn Skíðadeildar og var hún samþykkt samhljóða. Viggó og Hallbjörn héldu með skýrsluna á fund héraðsnefndar A-Hún þann 12. júlí sl. þar sem óskað var eftir stuðningi við uppbyggingu á skíðasvæðinu og tóku fundarmenn vel í verkefnið.

Unnið er að því að fjármagna uppsetningu og kaup á snjóframleiðslukerfinu og hefur það gengið vonum framár. Fimm milljónkróna fjárveiting fékkst á árinu frá fjárlaganefnd alþingis til áframhaldandi uppbyggingar. Þegar hafa fyrirtæki og einstaklingar gefið vilýrði fyrir u.þ.b. 3,4 millj. í verkefnið og eru fleiri aðilar í burðarliðnum. Má áætla að heildarkostnaður við verkið verði um 25 millj.

Hvað framtíðina varðar þá þarf að skipuleggja skíðasvæðið í heild sinni, huga þarf að byggingu stærri skíðaskála eða jafnvel skíðahótel. Skíðahótel væri e.t.v. hægt að reka sem heilsárshótel eða jafnvel leigja staðinn út til veisluhalds yfir sumarið. Koma þarf upp barnatogbraut fyrir allra yngsta skíðafólkið og spennandi væri að fá lyftu upp á topp Tindastóls sem myndi auka mjög fjölbreytni skíðasvæðisins. Í raun er nauðsynlegt að það fari fram heildar þarfagreining fyrir Skíðadeildina þ.e. á aðstöðu, tækjakosti og öðrum búnaði sem þarf að bæta eða þarfnast endurnýjunar við.

F.h. Skíðadeildar Tindastóls, Þórhildur Ingadóttir, formaður

Ársreikningur skíðadeildar

Rekstrarreikningur 1.9.2006 - 31.8.2007

Tekjur	Árið 2007	Árið 2006
Auglýsingar á dagatali	490.500	508.500
Auglýsingar á skiltum	150.000	100.000
Tekjur af skíðasvæði	1.989.100	5.611.624
Styrkur frá Skagafirði v/10 ára samn.	9.767.222	9.199.778
Sauðárkróksbær, rekstrarstyrkur	1.527.661	1.362.951
Skíðamót Íslands	0	500.000
Tindastóll	517.500	415.000
Vinna v/jólaskreytinga	250.000	150.000
Ýmsir styrkir	850.000	2.201.167
Vaxtatekjur	258.678	50.108
Tekjur alls	15.800.661	20.099.128
Gjöld		
Leiga á skíðalandi	44.916	42.500
Fasteignagjöld	157.549	151.744
Laun og launatengd gjöld.	4.950.243	3.761.464
Rafmagn	483.900	511.470
Skíðasamband Íslands	26.000	52.800
Heilbrigðisgjald	4.369	9.460
Viðhaldskostnaður	1.262.550	1.768.567
Olíur og eldsneyti	1.118.603	1.514.336
Tryggingar	288.198	281.339
Skoðunargjöld	27.552	25.088
Sími	77.896	23.635
Bókhaldsþjónusta hjá KPMG	0	10.832
Ritföng, pappír, prentun & auglús.	304.268	333.989
Ferðakostnaður	100.000	0
Verðlaunapeningar, bikarar	18.100	20.500
Endurmenntunarnámskeið	0	130.000
Þjálfaranámskeið	0	45.000
Keppnisgjöld	62.500	61.800
Gjöld samtals	8.926.644	8.744.524
Fjármagnsgjöld	1.870.456	3.559.562
Afksriftir	2.660.057	2.799.503
Hagnaður (- tap) ársins	2.343.504	4.995.539

Efnahagsreikningur 31.8.2007

Eignir	Árið 2007	Árið 2006
Veltufjármunir		
Kaupþing banki 301268	2.263.671	2.750.000
Kaupþing banki 15475	673.887	86.942
Kaupfélag Skagfirðinga, innlánsd.	7.449	7.084
Veltufjármunir alls	2.945.007	2.844.026
Fastafjármunir		
Greidd leiga til Torfa, afskr. 5% pa	1.496.843	1.575.624
Skíðaskáli, afskr. 5% pa.	1.219.069	1.283.231
Skíðasvæðið, afskr. 8% pa.	29.046.809	31.463.923
Fastafjármunir alls	31.762.721	34.322.778
Eignir alls	34.707.728	37.166.804
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Byggðastofnun, 700497	16.886.598	21.773.196
Áfallnir vextir af 700497	1.080.273	1.397.113
Kaupfélag Skagfirðinga	136.856	0
Fasteignagjöld	22.506	0
Launatengd gjöld	241.496	0
Skuldir alls	18.367.729	23.170.309
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	13.996.495	9.000.956
Hagnaður (- tap) ársins	2.343.504	4.995.539
Skuldir & eigið fé alls	34.707.728	37.166.804

Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Númer í sjóðaskrá 1246

Rekstrarreikningur ársins 2007

Tekjur	2007	2006
Styrkir og gjafir	17.550	18.450
Tekjur alls	17.550	18.450
Gjöld		
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá	50.000	50.000
Gjöld alls	50.000	50.000
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (32.450)		(31.550)
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur og verðbætur	268.105	214.405
Fjármagnstekjuskattur	(26.810)	(21.440)
Fjárm.liðir alls	241.295	192.965
Niðurstaða rekstrar	208.845	161.415

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	2007	2006
Veltufjármunir		
Bankainnstæður og sjóðir	2.323.636	2.114.791
Veltufjármunir samtals	2.323.636	2.114.791
Eignir alls	2.323.636	2.114.791
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	2.114.791	1.953.376
Tekjur umfram gjöld	208.845	161.415
Eigið fé samtals	2.323.636	2.114.791
Skuldir og eigið fé alls	2.323.636	2.114.791